

# LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta

The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 20. október 2020

## Yfirlýsing vegna mannréttindabrota í Hvíta Rússlandi og áhrif þeirra á stúdenta þar í landi

Síðan forsetakosningarnar í Hvíta-Rússlandi fóru fram þann 9. ágúst síðastliðinn hafa þúsundir Hvít-Rússa um land allt barist fyrir réttindum sínum með friðsamlegum mótmælum. Mótmælendur krefjast þess að Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, stígi til hliðar en hann er talinn hafa falsað niðurstöður kosninganna sér í hag. Þrátt fyrir að friðsælt eðli mótmælanna hefur óeirðarlögregla Hvíta-Rússlands ítrekað reynt að stöðva mótmælin með ofbeldisfullum hætti. Hundruðir borgara hafa verið handteknir, mótmælendur verið beittir ofbeldi og einhverjir þeirra látið lífið í átökunum.

Ástandið í landinu hefur ekki síður haft áhrif á stúdenta landsins sem hafa verið í framlínu mótmælenda frá upphafi. Í byrjun september boðuðu stúdentar til verkfalls í þeim tilgangi að mótmæla stjórn Lúkasjenkó. Hefur lögregla landsins brugðist harkalega við en innan tveggja daga frá upphafi verkfallsins höfðu u.þ.b. 100 stúdentar verið handteknir og dæmdir í 6-15 daga fangelsi í svokölluðum alræmdum einangrunarstöðvum (e.isolation centres).

LÍS eru hluti af Evrópusamtökum stúdenta (ESU) sem er samstarfsvettvangur landssamtaka stúdenta á Evrópuvísu. Á meðal meðlima ESU eru einnig tvö landssamtök stúdenta í Hvíta-Rússlandi, Belarusian Student Association (BSA) og Brotherhood of Organizers of Student Self-Government (BOSS). Líkt og fram kemur í [grein frá ESU](#) hafa þau ásamt BSA og BOSS reynt að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á auknum mannréttindabrotum í Hvíta-Rússlandi síðan mótmæli hófust þar við lok sumars. Alþjóðasamfélagið hefur tekið undir áhyggjur ESU og hefur Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna [lýst yfir áhyggjum sínum](#) vegna átakanna þar í landi. Þá hafa utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, þar á meðal Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra Íslands, gefið út [yfirlýsingu](#) þess efnis og

lýsa þar yfir áhyggjum af stöðunni í Hvíta-Rússlandi. Yfirlýsingin inniheldur sömuleiðis áskorun á hendur stjórnvalda Hvíta-Rússlands um að láta af ofsóknum stjórnarandstæðinga og að þau skuli virða frelsi og mannréttindi borgara sinna.

Á dögunum settu ESU ásamt BOSS og BSA fram yfirlýsingu þar sem taldar eru til kröfur um aðgerðir. LÍS taka undir eftirfarandi kröfur um að:

1. Hvít-Rússneska innanríkisráðuneytið láti lausa alla stúdentana sem eru í haldi og láta af beitingu óeirðalögreglu, beitingu grimmilegrar meðferðar á friðsamlega mótmælendum og því að halda þeim í farbanni.
2. Fáfræði og meðvirkni stjórnenda innan háskólanna sem leyfa lögreglu eftirlit verði fordæmt sem og grimm d gagnvart nemendum innan veggja háskólanna.
3. Réttlæti verði komið á fyrir fórnarlömb lögregluofbeldis (e. police brutality) og ofsókna.
4. Evrópska háskólasvæðið beiti alþjóðlegum þrýstingi á menntamálaráðuneytið í Hvíta-Rússlandi til að tryggja réttindi Hvít-Rússneskra stúdentana.